



KRISTJÁN ELDJÁRN

## TEXTASPJALD FRÁ SKÁLHOLTI

*Þjms. 10881*

1

MEÐAL hinna háhelgu gripa sem stað áttu á altari hvefrrar sæmilega búinnar kirkju á miðöldum var bók, sem á voru guðspjöll, textar, allra messudaga ársins. Stundum voru pistlarnir þar einnig. Í máldögum er slík bók ósjaldan kölluð *guðspjöll* eða *guðspjallabók*, stöku sinnum *evangelia*, *evangeliorum bók* eða *liber evangeliorum*, en þó langoftast *texti*, sem lítur út fyrir að vera stytting úr *textabók*. Af bókinni söng prestur texta dagsins, og var það einn af hápunktum messunnar. Fornir textar (þ. e. textabækur) sem varðveist hafa sumstaðar í löndum eru oft framúrskarandi listaverk, og hallast ekki á um skrift, lýsingar og bókband. Textinn var ekki aðeins nokkur skinnblöð sem hin heilögu ritningarorð voru skrifuð á, heldur var veglegur umbúnaður hans einnig guði til dýrðar og kirkjunni og eiganda hennar til upphéðar. Allt átti þetta við hér á landi ekki síður en annarstaðar í rómversk-kaþólsku kirkjunni.

Ekki virðist mikið hafa bjargast til vorra tíma af skinnblöðum úr fornum íslenskum textum. En varla þarf að efast um að vel hefur verið vandað til skriftarinnar á þeim. Og góðar heimildir eru fyrir því, að textar hér á landi voru oft fagurlega búnir, og er þá átt við spjöldin sem þeir voru bundnir í. Gott dæmi er sú frásögn Lárentíussögu, að biskup tæki hagan gullsmíð sem Eyjólfur hét heim á staðinn á Hólum

og léti hann smíða dýrgripi handa dómkirkjunni.<sup>1</sup> 'Lét Lárentíus biskup hann smíða kirkjunni á Hólum texta tvo, harla sæmilega, sem enn mega sýnast á Hólum',<sup>2</sup> þ. e. upp úr miðri 14. öld þegar sagan var skrifuð. Textasmíð þessi virðist hafa átt sér stað rétt fyrir andlát biskups 1330, og svo mjög hefur höfundur sögunnar, síra Einari Hafliðasyni, þótt til textanna koma, að hann nefnir þá aftur í annál sínum, Lögmansannál, og þá á þessa leið: 'Lárentíus biskup lét smíða texta amaleraðan, og annan uppdrifinn.'<sup>3</sup> Þetta er vel þeginn fróðleikur og merkilegur vegna þess að helst er svo að skilja að Eyjólfur gullsmiður hafi fengist við smeltvinnu á Hólum, en smelt var einmitt mjög algengt á textaspjöldum þeim sem mest var í borið erlendis.

Í máldögum miðalda er texta iðulega getið, oft athugasemdalaust, en stundum á þann veg að augljóst er að þeir hafa verið kostulega búnir. *Texti búinn, textabúnaður með silfur*, kemur margsinnis fyrir, einnig *texti með forgylltan kopar*, eða með messing, tönn eða smelt, *textaspjöld tvö af messing smelt*.<sup>4</sup> Glæsileg er textaeign Hóladómkirkju 1525: *stór texti með silfurspjaldi forgylltur, amaleraður með víravirki, og annar silfurtexti með forgylltu spjaldi, og enn tveir textar búnir með hvítt silfur*.<sup>5</sup> Fróðlegt er að sjá að margar kirkjur áttu *kodda* (pulvarium), til dæmis átti Hóladómkirkja tvo, ætlaða til að leggja textana á og hlífa þannig dýrmætum búnaði utan á spjöldum þeirra.

Þessar glefsur úr íslenskum máldögum nægja til að vekja nokkra hugmynd um að íburðarmiklir textar voru algengir hér á landi á miðöldum, bæði erlend listaverk og heimagerð. Flestir eru þessir prýðilegu textar miðalda týndir og tröllum gefnir, og er það gamla sagan. Þó vill svo ánægjulega til að frá Grund í Eyjafirði hafa varðveist tvö lítt skemmd og forkunnargóð textaspjöld, eflaust bæði af sama textanum. Eðlilegt er að beina hér að þeim nokkurri athygli. Ólafur timburmeistari Briem á Grund sendi spjöldin ásamt fleiri kjörgrípum til Old-

<sup>1</sup> Allt sem tekið er beint úr heimildum í þessari ritgerð er fært til nútíma stafsetningar, enda skiptir gamall ritháttur ekki máli fyrir efni hennar.

<sup>2</sup> *Laurentius saga biskups*. Árni Björnsson bjó til prentunar. Rit Handritastofnunar Íslands III. Reykjavík 1969, bls. 133.

<sup>3</sup> G. Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*. Christiania 1888, bls. 269.

<sup>4</sup> Um þetta vísast til Fredrik B. Wallem, *De islandske kirkers udstyr i middelalderen*. Foreningen til norske fortidsmindesmærkers bevaring. Aarsberetning 1909, bls. 59.

<sup>5</sup> *Ísl. fornbrs.* IX, 295. Sjá einnig *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* I, 120, undir *Altarets klædsel*.



nordisk Museum 1852, og eru þau nú í miðaldadeild Þjóðminjasafns Dana, nr. 12574 a–b.

Textaspjöldin frá Grund eru úr eik, þykk og mikil, 32 cm á hæð, 19 cm á breidd, 2,5 cm á þykkt. Önnur hliðin er alslétt, sú sem inn hefur snúið að skinnblöðunum, en á hinni er trogmyndað gróp, 23,3 × 10,4 cm, skáhalli upp úr því á alla vegu og síðan allbreiður flatur kantur eða rammi umhverfis. Öll er hliðin þakin eirþynnum með smelti og gyllingu. Í botni grópsins er það sem mestu máli skiptir, plata með helgimyndum, á öðru spjaldinu krossfestingarmynd með Maríu og Jóhannesi undir krossinum og englamyndum fyrir ofan, en á hinum Kristur sem herra himins og jarðar, sitjandi á regnboganum innan í sporöskjulöguðum reit (majestas domini), en einkennisverur guðspjallamannanna í hornunum utan við. Á skáflötunum upp úr grópinu eru sléttir látúnrenningar, en á flötu umgerðinni utan um allt saman skreytingar og myndir í rómönskum stíl, smelt og gyllingar, þynnurnar festar á með litlum látúnstittum, eins og reyndar búnaðurinn allur.<sup>6</sup>

Þetta er í sem allra stystu máli lýsing hinna frábæru textaspjalda frá Grund, sem einna ágætust eru sinnar tegundar á Norðurlöndum. Kr. Kålund getur þeirra í Íslandslýsingu sinni, og má telja öruggt það sem hann álitur, að þau séu hin sömu og nefnd eru í máldaga Grundarkirkju frá 1318, þar sem talin eru fram tvö textaspjöld af messing, smelt.<sup>7</sup> Athyglisvert er að talað er um *textaspjöld* en ekki *texta*. Það kynni að benda til þess að spjöldin hafi aldrei verið á guðspjallabók, þótt þau væru að sjálfsögðu til þess gerð, heldur staðið á altari eða hangið á kirkjupili eins og hverjar aðrar helgimyndir, enda nefna bæði Kålund og Matthías Þórðarson þennan möguleika.<sup>8</sup> Ef rétt er til getið mætti hugsa sér að þetta hefði átt sinn þátt í að spjöldin varðveittust. Kapólsk messusöngsbók hefur verið í meiri hættu en helgimynd sem söfnuðurinn var vanur að við honum blasti í kirkjunni og ekki var annað saknæmara á en myndir af frelsaranum og guðsmóður.

Grundarspjöldin eru gott og gilt smeltverk, svonefnt *émail champ-levé*, frá um miðri 13. öld, sennilega frá Limoges í Mið-Frakklandi,

<sup>6</sup> Sæmilegar myndir af Grundarspjöldunum eru hjá Wallem, tilv. rit, bls. 60 og 61.

<sup>7</sup> Kr. Kålund, *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island* II, Kbh. 1879, bls. 114.

<sup>8</sup> Kålund í tilv. riti, s. st., en Matthías í skrifaðri skrá um íslenska gripi í Nationalmuseet, geymdri í Þjóðminjasafni Íslands.

sem var völdug miðstöð smelt-iðnaðarins í Vestur-Evrópu, enda dregur hann nafn af henni. Þó nokkrir Limoges-hlutir hafa varðveist á Norðurlöndum, m. a. á Íslandi, einkum altariskrossar, en fleira þó.<sup>9</sup> Allt slíkt hefur verið mjög í metum haft hér á landi, ekki síður en það sem af góðmálmum var gert. Ef lítið er til textanna sérstaklega virðast textar með smeltverki hafa verið býsna algengir, en þó má trúlega ráða af máldögum að oftast hafi þeir verið búnir með silfur. Eini textinn (textaspjaldið) sem varðveist hefur úr íslenskri kirkju auk Grundarspjaldanna, hefur vafalítið verið þannig úr garði gerður. Hér verður um þann forngrip fjallað, og hefur þótt eðlilegt að hafa þennan inngang þeirrar umræðu.

Þegar dönsk stjórnvöld sendu Íslendingum fjölda íslenskra hluta úr söfnum sínum sem gjöf á Alþingishátíðinni 1930, héldu þau eigi að síður eftir mörgum góðum gripum, og meðal þeirra voru textaspjöldin frá Grund. Aftur á móti sendu Danir hingað textaspjald sem lengi var í eigu dómkirkjunnar í Skálholti. Spjaldið er nú í Þjóðminjasafni Íslands og ber safntöluna Þjms. 10881. Þótt það megi muna sinn fífil fegri, ber það enn þau merki fornrar frægðar sem endast því til að standa undir smágrein um uppruna þess og sögu.

## 2

Textaspjaldið frá Skálholti er gert úr heilli eikarfjöl, nú dökkri, 32 cm á hæð, 23,8 cm á breidd, eða nákvæmlega jafnhátt og spjöldin frá Grund, en til muna breiðara. Þykktin er 2,8 cm á 3–3,5 cm breiðum ramma yst. Sú hliðin sem inn hefur snúið er alveg slétt, en á henni eru margir seinna til komnir hringar, sem sýna að hún hefur einhverntíma verið notuð sem undirlag þegar verið var að skera oblátur með bakstursskera (oblátujárni). Á hinni hliðinni er útholað trogmyndað gróp, 27 × 19 cm, en 1,7 cm djúpt. Öll hefur þessi hlið verið búin, en lítið

<sup>9</sup> Gott yfirlit með tilvitnunum til fræðirita sjá Aron Andersson í *Kulturhistorisk leksikon* II, 602–605, undir *emalj*. Sérstaklega skal vísað til Marie-Madeleine S. Gauthier, *Emaux limousins champlevés des XII<sup>e</sup> XIII<sup>e</sup> & XIV<sup>e</sup> siècles*. Paris 1950, einkum pl. 8 og 16. — Paul Thoby, *Les croix limousines de la fin du XII<sup>e</sup> siècle au début du XIV<sup>e</sup> siècle*. Paris 1953. Að því er til Íslands tekur sjá Matthías Þórðarson, Róðukrossar með rómanskri gerð, *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1914, bls. 30–37, enn fr. Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, Reykjavík 1962, nr. 55.





er þó eftir af þeirri dýrð. Í botni grópsins hefur verið plata með helgimyndum, en hún er bak og burt, og verður nú ekki séð af sjálfum hlutum hverskyns verið hefur. Freistandi væri að telja að hún hafi verið með Limogesverki eins og Grundarspjöldin, en því verður þó að hafna, eins og fram kemur síðar. Á skáhallar hliðar grópsins hafa trúlega verið negldir messingarrenningar, einnig ofan á umgerðina, enda eru þar fjölmargir látúnstíttir sem þeir hafa verið festir með. Nokkrir stærri naglar eru í botni grópsins og með þeim hefur myndplatan verið fest.

Segja má að horfinn sé fagur farfi af þessum helgigrip ef borinn er saman við Grundarspjöldin, en af lýsingunni á að sjást að hann hefur ekki verið síður mikilfenglegur en þau, bæði breiðari og þykkari og myndplatan tiltakanlega stór í botni grópsins. Og svo er fyrir að þakka að enn getur spjaldið státað af nokkru skarti sem ótalið er, en það er látungsjörð eða beit, 2,8 cm breið (þ. e. þykkt spjaldsins), negld með látúnstíttum utan á brúnina allt umhverfis. Á þessum látúnrenningi er mjög fallega grafin áletrun með myndarlegu gotnesku textura-letri, stafir sléttir en þéttstrikadur grunnurinn undir. Renningurinn hefur ekki enst til þess að áletrunin kæmist fyrir, ef rituð væri fullum stöfum, og því hefur listamaðurinn orðið að skammstafa nokkuð eða draga saman í seinni hlutanum og allra síðast að hafa línurnar tvær, þrjá og þrjá stafi í hvorri, og þá að sjálfsögðu smærri. Kemst þannig allt til skila. Þegar fyllt hefur verið upp (með skáletruðum stöfum) það sem saman er dregið eða skammstafað hljóðar áletrunin þannig:

Gloria tibi / trinitas equalis una deitas et / ante omnia secula  
et / *nunc et in perpetuum* . iste *textus sancti nic / holai episcopi*  
de odda

Á teikningu dr. Gunnlaugs Briem, sem fylgir þessari grein, sést hvernig samdrætti orðanna er háttað, og má einkum vekja athygli á *et*-merki (og-merki), *per*-bandi í *perpetuum* og háu *s* og *t* sem renna saman í einn líming í *iste*. Orðabil eru sýnd með litlum tigli með uppbroti á hvössu hornunum, en skilin milli tveggja hluta áletrunarinnar með myndarlegum ferhyrningi. Gjörðin er kveikt saman milli *p* og *p* í *perpetuum*.

Á íslensku gæti áletrunin hljóðað þannig: 'Dýrð sé þér, þrenning samjöfn, einn guðdómur, svo fyrir allar aldir sem nú og að eilífu. Þetta er texti heilags Nikuláss biskups í Odda.' Seinni hlutinn virðist þá full-





KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR

KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR

KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR

KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR  
 KÓMUR KÓMUR KÓMUR KÓMUR

Álurunin á textaspjaldinu frá Skálholti. Efst er sýnt, hvernig allur grunnurinn er skástrikaður milli stafa. Stærð 1:2. Uppdráttur eftir Gunnlaug S. E. Briem.

gilt vitni þess að textinn hafi upprunalega tilheyrt Nikulásarkirkjunni í Odda. Greinarhöfundur bar undir Einar Sigurbjörnsson prófessor hvaðan lofgerðin mundi vera komin. Kannaðist hann strax við að þetta væri andstef (antifóna), sem sungið var áður en lesinn var Davíðssálmur á þrenningarhátíð (trinitatis) og einnig á eftir, og er í Breviarium Romanum, nákvæmlega eins og á spjaldinu þegar skammstafanir þar hafa verið leystar upp. *Trinitas equalis* vísar til þess að faðir, sonur og heilagur andi séu fullkomlega jafnir, samjafnir. Ljúft er að þakka Einari Sigurbjörnssyni fyrir góða úrlausn.

Stafagerðin á leturbandinu er hið eina sem stuðst verður við þegar reynt er að gera sér grein fyrir aldri textaspjaldsins. Gunnlaugur Briem telur að áletrunin geti ekki verið eldri en frá 15. öld og nefnir til sein einkenni eins og uppbrotin á tiglunum og efst á stafleggjum. Að hans sögn er þetta einnig skoðun þeirra fræðimanna sem hann hefur sýnt áletrunina í London. Stefán Karlsson telur einnig að þetta sé rétt. Segjum þá að spjalðið sé frá um 1450, gæti verið ögn eldra en þó öllu fremur aðeins yngra. Þar með er úr sögunni að búnaðurinn á því hafi verið með Limogesverki, og hitt sennilegra að textinn hafi verið búinn með silfur.

Áletrunin byrjar við kross á miðri annarri skammhlið, sem hlýtur þá að vera það sem upp snýr á bókinni, og endar hinumegin við sama kross. Vandalaust er þá að sjá að þetta er afturspjaldið af textanum. Hægri langhlið hefur verið við kjöl, og þar má í grópinu sjá sex göt með leifum af leðurböndum sem fest hafa verið með töppum, auk þess sem sitt bandið er í hvoru horni rammans. Alls hafa því böndin verið átta, og sést hvar þau hafa komið út undan leturgjörðinni. Það er þannig alveg vafalaust að þetta er afturspjald. Hinsvegar er lítt hugsanlegt að ekki hafi upphaflega verið að minnsta kosti eins veglegt framspjald á textanum, en einhverntíma fyrir 1704 hefur það orðið viðskila við hann og annað óbúið verið sett í þess stað. Þetta er augljóst vegna þess að á slétta flötinn hinumegin á spjaldinu hefur verið skrifað með stórum fallegum skrifstofum, sennilega með pentskúf:

*Þetta er buna/spiallded/af einum onýtum Tex/ta Dömkirkiunar/  
1704*

Í þessu felst að hitt spjalðið hefur verið óbúið þegar hér var komið sögu, og verður engum getum að því leitt hvenær upprunalega framspjalðið hefur farið forgörðum. Ekki verður heldur úr því skorið hvers vegna textinn sem spjalðið er af og í öndverðu hefur verið gerður handa



Nikulásarkirkjunni í Odda, eins og áletrunin glögglega sýnir, komst síðar í eigu Skálholtsdómkirkju.

Hér mætti í rauninni láta staðar numið. Hluturinn sem fjallað er um fæst ekki til að segja öllu meira sjálfur. En þá kemur freistingin til að rekja örlagasögu góðra kirkjugripa, sem ýmist hafa slampast heilir á húfi til vorra tíma, eða þá illa leiknir eins og Skálholtsspjaldið — eða jafnvel glatast með öllu eins og til dæmis skrín heilags Þorláks. Stundum er slík rakning ekki með öllu til ónýtis. Skal því lopinn teygður enn um sinn.

## 3

Sá fróðleikur fylgdi textaspjaldinu frá Skálholti (Odda) að bóndi nokkur ónafngreindur hefði keypt það á uppboði og rifið af því búnaðinn. Svo sem fram hefur komið svipti hann það þó ekki öllu sínu skarti. Steingrímur Jónsson prófastur í Odda, síðar biskup, lét sér frá æskuárum annat um allt sem Skálholt varðaði. Hann fékk spjaldið hjá bóndanum og sendi Finni Magnússyni prófessor það til Hafnar 1818, en Finnur afhenti það Oldnordisk Museum, þar sem það bar safntöluna CXV, þangað til það var sent til Íslands 1930.<sup>10</sup>

Hér má skjóta inn að Steingrímur Jónsson hafði löngu áður komist yfir silfurplötu af texta úr Skálholtsdómkirkju, hvort sem það var nú af þessum texta eða einhverjum öðrum. Sagan er sú að á stúdentsárum í Kaupmannahöfn komst hann í góð kynni við Grím jústitsráð Thorkelín. Í þakklætis skyni fyrir velgjörðir gaf hann honum öxina Rimmugýgi (Remmigíu) á gamlársdag 1804. En þá öxi hafði Brynjólfur biskup Sveinsson látið gera og fylgdi hún lengi dómkirkjunni, svo sem sjá má

<sup>10</sup> Í skrá um innkomna hluti til safnsins 1816–20 segir svo: 'Fra Provst Steingrim Johnsen paa Odde ved Professor Magnusen: CXV. En saakaldet Texte-Tavle forhen tilhørende Skalholt-Domkirke, men kjøbt ved Auction af en Bonde, som har borttaget Beslaget og Sølvindlægningen, paa Kanten nær, hvorpaa er i Messing indgravet med Munkebogstaver'; (síðan kemur áletrunin, einnig það sem skrifað er aftan á, allt ærið rangt upp tekið og skiptir ekki máli). *Antiquariske Annaler*, 3. Bd., Kbh. 1820, bls. 375. — Sveinbjörn Rafnsson prófessor benti mér vinsamlega á að uppkast Steingríms biskups að bréfi til fornleifanefndarinnar varðandi spjaldið er í Þjóðskjalasafni með öðrum bréfauppköstum hans (nr. 16). Bréfið sjálf virðist vera glatað. Með uppkastinu liggur virðingarverð teikning Steingríms af áletruninni, og aftan á blaðið er rituð greinargóð stutt lýsing hans á spjaldinu. Ekki virðist þó þörf á að birta þessi gögn hér.

í afhendingarskrám. Nú þóttist Steingrímur þurfa að hygla öðrum velgjörðamanni sínum, Skúla Thorlacius, einhverju ekki síður en Grími og getur þess í dagbók sinni á eftirfarandi hátt:

‘Var hjá justitsraad Thorlacius og skenkti hönum silfurplötuna af textaspjaldinu úr Skálholtskirkju, hvörja Árni minn Helgason hafði keypt á auction, en eg aftur af hönum. Eg þóttist vant við látinn að yfirláta öðrumhvorum jústitsráðanna, sem báðir safna antiquiteter, öxina, en gat jafnað með þessu silfurverki, sem að sínu leyti var meira vert (16 Rbd) og jafnrart. Eg man til að afteiknun af því flæktist innan um bréf í Skálholti; máske eg seinna geti fengið hana til að festast hér við, ásamt afrissningunni af Remigíu, sem hér viðleggst. — Eg ávann mér beggja jústitsráðanna sérdeilis velunnandi þakklaeti, þeim seinna munnlegt og enum fyrra ofborið skriflegt, með invitation til middag á morgun.’<sup>11</sup>

Því miður hefur uppdráttur sá af silfurplötunni, sem Steingrímur getur um, ekki varðveist svo vitað sé, og ekki heldur platan sjálf. (Hvað skyldi annars hafa orðið af henni?). En bæði af orðum Steingríms og kaupverði plötunnar má ráða að þetta hefur verið mikilsháttar gripur sem fagurkerar hafa kunnað vel að meta.

Eftir þennan útúrdúr um meðgjörð Steingríms Jónssonar með textum dómkirkjunnar, skal nú horfið aftur að þeim þeirra sem hér um ræðir. Helgigripir Skálholtsdómkirkju hlutu heldur dapurleg örlög. Marga gersemi eignaðist hún meðan hún var og hét. Fátt eitt af þeirri auðlegð hefur varðveist til vorra tíma. Við það bætist svo að vitneskja um það sem til var, en glatast hefur, er af skornum skammti. Engir máldagar eða aðrar skrár eru til um gripi dómkirkjunnar fyrir siðaskipti. Líkur benda til að staðarbruninn mikli 1630, á síðasta biskupsári Odds Einarssonar, eigi drjúga sök á þeim heimildaskorti.<sup>12</sup> Í þessu tilliti er miklu betur ástatt um Hóladómkirkju. Til eru skrár um skróða hennar og gripi frá 1374, 1525 og 1550.<sup>13</sup>

Sennilegt verður að teljast að Skálholtsdómkirkja hafi ekki verið miður búin að dýrgripum en dómkirkjan á Hólum, fremur hið gagnstæða. Þó ber þess að minnast að Hólakirkja brann aldrei, en í Skál-

<sup>11</sup> ÍB 627, 8vo, I.

<sup>12</sup> Um brunana í Skálholti og aðra eyðileggingu skjala vísast til ritgerðar Björns K. Þórólfssonar, Íslenzk skjalasöfn, *Skirnir* CXXVII, 1953, einkum bls. 122.

<sup>13</sup> *Ísl. fornbrs.* III, 606, IX, 293, XI, 848.



holti brann kirkjan tvisvar á miðöldum, 1309 og 1527. Í bæði skiptin varð mikill fjöldi kirkjugripa eldinum að bráð. Í annálum miðalda er fyrri brunans getið á þann veg, að víst má telja að ósköpin hafi gerst með mjög skjóttum hætti. Eyðileggingin var afskapleg, en þó ekki algjör, t. d. var skríni heilags Þorláks bjargað, enda hefur eflaust verið fyrsta hugsun manna að forða því frá voðanum. Annars skal ekki fjölyrt um þennan fyrri bruna hér, þar sem textinn sem hér um ræðir er ekki til kominn fyrr en löngu síðar. Hinsvegar kynni hann að hafa verið í dómkirkjunni þegar seinna reiðarslagið dundi yfir Skálholtskirkju, bruninn mikli á dögum Ögmundar biskups, árið 1527. Í þeim bruna virðist tjónið að vísu ekki hafa orðið eins tilfinnanlegt og í hinum fyrri, en sennilega hefur það aldrei orðið að fullu bætt. Ógerningur er að ætlast á um hversu margt af helgigripum komst heilt á húfi gegnum þennan bruna. En allnokkuð hefur það verið, því að fullvíst er að kirkjan átti enn drjúgt af listaverkum í skruða og gripum þegar siðaskiptin gengu í garð. Ekki er heldur fráleitt að hugsa sér að eftir brunann hafi hún fengið að gjöf eða láni gripi úr öðrum kirkjum, ekki síst þeim sem vel voru búnar að gripum. Þannig gæti til dæmis hugsast að textinn frá Odda hafi borist til Skálholts. Náið samband var milli Odda og Skálholts, eins og til dæmis kemur vel fram í samskiptum Ögmundar biskups og síra Jóns Einarssonar.<sup>14</sup> En vitaskuld er þetta getgáta ein.

Heimildir um gripaeign Skálholtsdómkirkju eftir siðaskipti eru einkum úttektir eða afhendingarskrár, sem gerðar voru þegar biskupaskipti urðu. Eftir þeim er sitthvað hægt að rekja um einstaka kirkjugripi, til dæmis hvenær þeir heltast úr lestinni, og stundum fljóta með dálitlar upplýsingar um þá, þótt oft vilji þessar skrár verða þurrir upptalningarlistar. Hér má svipast um eftir textanum góða. Elst þessara heimilda er skrá sem tekin var saman þegar synir Gísla biskups Jónssonar afhentu Oddi biskupi Einarssyni stað og kirkju 1588. Sú skrá er til í eftirriti á skinni frá 1601, nú geymd í Þjóðskjalasafni eins og önnur afhendingargögn.<sup>15</sup>

Í þessari elstu afhendingarskrá eru stutt og laggott taldir upp *fimm textar*. Hið sama er svo endurtekið í afhendingarskrám allt til 1698, þegar Jón Vídalín tekur við eftir Þórð Þorláksson látinn. Þá er enginn texti nefndur á nafn, heldur er talin fram *messusöngsbók á membrana*

<sup>14</sup> Jónas Gíslason, Um síra Jón Einarsson, prest í Odda. *Sögulóðir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum*. Reykjavík 1979, bls. 281–295.

<sup>15</sup> Þiskjs. Bps. A. I, hylki II, nr. 7.

ófullkomin, með eikarspjöldum, og á því eina forgyllt messingarverk með myndum og innsettum steinum.<sup>16</sup> Ekki þarf að fara í grafgötur um að þarna er kominn textinn sem Skálholtsspjaldið er af, og er kærkominn sá fróðleikur að messingarverkið hafi verið innsett með steinum. Í afhendingarskrá frá 1722, þegar Jón Árnason tekur við eftir lát meistarara Jóns, er svo að orði komist: *spjald af messusöngsbók með myndum og innsettum steinum, eitt, item minni, tvö*.<sup>17</sup> Þarna er orðin forvitnileg breyting á, sem vikið verður að hér undir lokin, en einnig er hér áminning um að afhendingarskrár eru ekki fullkomnar, jafnvel ekki sú frá 1698, sem er þó mjög vel gerð. Þar vantar sýnilega minni textana tvo, sem svo koma fram 1722. Ber þess þó að geta að þeir kunna að leynast í skránni í ýmsu bókakyns undir öðru nafni. Í afhendingarskrá 1764, þegar Finnur Jónsson tekur við af Sigurði Sigurðssyni landþingsskrifara, eru talin fram *þrjú spjöld með innsettum steinum og myndum*,<sup>18</sup> og í úttekt frá 1785, þegar átti að fara að selja stólsjarðirnar: *tre smaae Tavler, som fór have været indlagte med nogle billeder og steene; steenene ere borte, saa vel som fem smaae billeder*.<sup>19</sup> Í prófastsvisitasíum frá 1799 og 1800, sem mega heita samhljóða, stendur: *þrjár textatöflur, búnar með silfri og messing, víða gylltar; ein ditto með afföllnum bílætum*.

Eftir síðustu bókuninni að dæma hafa verið til fjórar 'textatöflur' í Skálholti um aldamótin 1800. Meðal þeirra hefur spjaldið góða verið, enda auðþekkjanlegt í afhendingarskránum frá 1698 og 1722. En í fyrstu prófastsvisitasíu eftir aldamót, árið 1805, er enginn texti og engin tafla til í Skálholtskirkju. Allt slíkt hefur horfið síðan árið 1800. Ekki er það nein ráðgáta hverju um er að kenna.

Hinn 29. október 1802 lét Valgerður Jónsdóttir, ekkja Hannesar biskups Finnssonar, með biskupsleyfi halda opinbert uppboð á ýmsum gripum Skálholtskirkju sem menn töldu ónýta og óbrúkanlega kirkjunni. Var þar býsna nærri gengið, enda mæltist þetta uppboð misjafn-

<sup>16</sup> Þjskjs. Bps. A. VII, 3.

<sup>17</sup> Sama afhendingarbók.

<sup>18</sup> Þjskjs. Bps. A. VII, 4. — Finnur Jónsson biskup fjallar nokkuð um texta í kirkjusögu sinni, 2. bd. bls. 183, og greinir frá textum Skálholtskirkju á þessa leið: '(imagines) quales tres ex argento fusæ in templo cathedrali Skalholtino asservantur, qvarum una affabre facta cæteris longe præstat et haud contemnendi pretii est; quibus similes, aut ejusdem farinæ fuisse *Textus* a Laurentio confectos, non improbabile videtur.'

<sup>19</sup> Þjskjs. Bps. A. VII, 18, bls. 305.



lega fyrir. Til dæmis blöskraði sumum að helgiskrín Þorláks biskups skyldi vera selt við hamarshögg. Engir uppboðslistar eða kaupenda-skrár hafa varðveist svo vitað sé, og er því ekki vitað hverjir keyptu, né heldur beinlínis hvað upp var boðið. En með því að bera saman prófastsvísitásiurnar frá 1800 og 1805 má með töluverðri nákvæmni endurgera listann yfir það sem selt var. Þarna hafa öll textaspjöldin verið seld. Eitt þeirra keypti Árni Helgason, eins og segir í áðurnefndri dagbókarfærslu Steingríms Jónssonar. Annað keypti ónafngreindur bóndi, rúði það mestu af skarti sínu, en síðan komst einnig það í hendur Steingríms, síðan til Finns Magnússonar og boðleiðina til Oldnordisk Museum, en að lokum í Þjóðminjasafn Íslands árið 1930, eins og áður var rakið.

Þá er lokið því sem sagt verður af textaspjaldinu frá Skálholti (Odda), Þjms. 10881. Eitt má þó nefna til gamans að lokum. Það vakti forvitni að í afhendingarskránni frá 1698 er textinn (kallaður þar messusöngsbók) enn raunveruleg bók, með blöðum og spjöldum, en 1722 aðeins spjald af messusöngsbók. Einhverntíma á þessu árabili hafa blöðin verið fjarlægð, óbúna textaspjaldinu líklega hent, en búna spjaldið eitt eftirskilið í kirkjunni. Hér rifjast það upp sem skrifað er aftan á spjaldið: *Þetta er búna spjaldið af einum ónýtum texta dómkirkjunnar 1704*. Skyldi ekki felast í þessu að blöð og spjald hafi orðið viðskila einmitt þetta ár og einhver hugulsamur maður þá skrifað þennan minnispunkt á spjaldið? Svo vill til að mikill skinnblaðasafnari Árni Magnússon hafði vetursetu í Skálholti löngum og löngum eftir 1702. Freistandi væri að halda að hann hefði hér um vélt, ef ekki væri það að safnarinn mikli hafði víst heldur lítinn áhuga á guðsorði á latínumáli, jafnvel þótt skráð væri á skinn.<sup>20</sup> En hver veit, og óþarfi er að gleyma því að Árni hafði drjúgan áhuga á gömlum helgigripum, eins og lýsing hans á Hóladómkirkju og minnispunktar hans um merka kirkjugripi sýna.<sup>21</sup>

<sup>20</sup> Í afhendingarskránni frá 1722 segir svo: 'Fyrir prentaðar pappírsskræður með gömlum stíl í ónýtu bandi, í folio og quarto, ítem fyrir kálfskinnsskræður og fleiri önnur sundurlaus blöð, sem fyrri afhendingin umgetur, hefur assessor Árni Magnússon keypt fyrir 2 hndr. 97 al. sem hann hefur betalað með blómuðu túbin til Cantarakápu sem strax verður áminnst.' — Með því að bera þessa afhendingu saman við hina næstu á undan, frá 1698, má gera sér nokkra grein fyrir hvað þetta var sem Árni fékk hjá Skálholtskirkju í biskupstíð Jóns Vídalíns.

<sup>21</sup> Kristján Eldjárn, Minnisgreinar Árna Magnússonar um merka kirkjugripi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1976, bls. 121–163.